um landhelgisgæzlu og björgunarstörf á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir um leigu á vélskipi, sem annist landhelgisgæzlu og aðstoði fiskibáta á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes næstu 4 mánuði (febr.—maí).

Greinargerð.

Flutningsmanni hefur borizt bréf frá 10 útvegsmönnum og formönnum á Hellissandi og Ólafsvík og afrit af bréfi frá sömu mönnum til hæstv. ríkisstjórnar, þar sem óskað er eftir ráðstöfunum, sem ganga í sömu átt og framangreind þingsályktunartillaga. Segir í bréfi útvegsmanna meðal annars:

„Ósk þessi er borin fram af því, að ágangur skipa með botnvörpu- og dragnótaveiðarfæri er orðinn svo mikill á fiskimiðum línubátanna, að til vandræða horfir, og fer ágangur þessi stöðugt vaxandi, þar sem landhelgisgæzlan við Snæfellsnes er að staðaldri lítil sem engin.“

Frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk, hefur erlendum botnvörpuskipum fjölgað mjög á fiskimiðunum, sem skip og bátar á Breiðafirði sækja afla sinn á. Hefur þessi mikla fjölgun erlendra veiðiskipa á miðunum haft í för með sér minnkandi afla hjá íslenzku fiskiskipunum, sem stunda línuveiðar á vetrarvertíðum á sömu slóðum, auk þess sem hin erlendu skip valda þeim oft miklu tjóni á veiðarfærum.

Á styrjaldarárunum fóru aflabrögð línubáta mjög batnandi, enda voru fá erlend botnvörpuskip á miðunum hér við land þau ár. Strax að styrjöldinni lokinni, er hin erlendu botnvörpuskip hófu veiðar hér á ný, fóru aflabrögð íslenzku línuskipanna minnkandi ár frá ári, og það þrátt fyrir aukin veiðarfæri og stórum betri fiskiskip við veiðarnar en áður þekktist.

Reynsla Íslendinga í báðum heimsstyrjöldunum er á sama veg, — að minnsta kosti hvað útgerð við Breiðafjörð snertir, — að skefjalaus botnvörpuveiði erlendra skipa á sömu slóðum sem íslenzku línuskipin stunda veiðar á eru þess valdandi, að í hreint óefni er komið vegna minnkandi aflabragða. Slíkur ágangur erlendra veiðiskipa er með öllu óþolandi — og því ekki ástæðulaust, að þeir útvegsmenn og sjómenn, sem hér eiga hlut að máli, beini umkvörtunum sínum til hæstv. ríkisstjórnar um bætta landhelgisgæzlu, í þeirri von, að hún að einhverju leyti mætti bæta hlut þeirra gagnvart hinum erlendu fiskiskipum.

Af ástæðum þeim, sem að framan greinir, er tillaga þessi til þingsályktunar flutt, í þeirri von, að Alþingi viðurkenni nauðsyn þess, að viðhöfð verði svipuð landhelgisgæzla á Breiðafirði og við Snæfellsnes og nú tíðkast annars staðar við strendur landsins.